



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Útboðs nr.16116 - Hólabrekkuskóli – leiga á færanlegum kennslustofum

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 23. apríl 2025 og skilaði eitt fyrirtæki inn tilboði.

Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða örútbóð innan innan rammasamnings um færanlegar húseiningar, í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst innanlands.

Húsnæðið er 1.200 m² og rúmar um 260 börn. Samningurinn er tímabundinn til 5 ára frá afhendingu. Afhending er áætluð 13. október 2025. Húsaleiga er 11.755.200 krónur á mánuði með vsk. Kaupréttarákvæði virkjust ár hvert samkvæmt leigusamningi. Við leiguverð bætist kostnaður á vegum Reykjavíkurborgar á jarðvinnu, undirstöðum og lögnum í jörðu, áætlað 85 milljónir kr.

Færanlegur stofurnar verða notaðar á lóð Hólabrekkuskóla á meðan gagngerar endurbætur fara fram á húsnæði skólans. Verktími endurbóta er áætlaður a.m.k. 4 ár. Hluti af starfsemi skólans fer nú fram í Korpuskóla, en þar sem Klettaskóli er sprunginn þarf að losa Korpuskóla svo hægt sé að koma fyrir 7-10 bekk Klettaskóla þar.

Borgarráð samþykkti framangreint á fundi sínum 22. maí 2025. Erindi þetta er lagt fram í samræmi við grein 12.2. í Innkaupareglum Reykjavíkurborgar

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda, Terra Einingar ehf. að fjárhæð 645.525.732 án vsk. (9.480.000 án vsk. á mánuði). Fyrirtækið hefur staðist fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu og tæknilegt mat eignaskrifstofu.

Virðingarfyllt

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa

Hjálagt: *Opnunarfundargerð*